

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 94/2004, um starfshætti faggiltra skoðunarstofa skipa og búnaðar, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „sem eru 24 m að lengd eða lengri“ í a-lið kemur: sem falla undir tilskipun 2009/45/EB sem er innleidd með reglugerð nr. 666/2001, með síðari breytingum.
- b. b-liður fellur brott.
- c. i-liður fellur brott.

#### 2. gr.

##### *Lagastof og gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 10. gr. laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 21. nóvember 2017.*

**Jón Gunnarsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnhildur Hjaltadóttir.*